

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Sjálfsmatsskýrsla

2007

Mars 2008
Eyjólfur Guðmundsson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Kennarafundir	2
2. Miðannarviðtöl.....	3
3. Uppgjörsskýrslur.....	3
4. Kennitölur	3
5. Áfangamat.....	4
6. Uppgjörfundur	5
7. Mat útskriftarnemenda	5
8. Umbótamat.....	5
a. Verkefnaskil	5
b. Námsaðstaða	8
c. Lotukerfið	9
Lokaorð	11
Afgreiðsla kennarafundar og skólanefndar	11
Viðauki 1.....	12
Viðauki 2.....	13
Viðauki 3.....	14
Viðauki 4.....	15

Inngangur

Þessi skýrsla er samantekt á sjálfsmati Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2007. Matið er tekið fyrir í átta liðum og einn þeirra er þrískiptur. Liðirnir eru: Kennarafundir, miðannarviðtöl, uppgjörsskýrslur, kennitölur, áfangamat, uppgjörfundur, mat útskriftarnemenda og umbótamat þar sem fjallað er um verkefnaskil, námsaðstöðu og lotukerfi. Að lokinni yfirferð um hvern lið eru helstu niðurstöður teknar saman í lokaorðum. Þar fyrir aftan er svo fjallað um afgreiðslu kennarafundar og skólanefndar á skýrslunni.

Í viðaukum aftast í skýrslunni eru svo matsblöð sem lögð voru fyrir vegna sjálfsmats á árinu. Öll umfjöllun og framsetning er við það miðuð að skýrslan verði gerð opinber á vef skólans. Hér eru því engar persónugreinanlegar upplýsingar en fremur lögð áhersla á að fjalla almennt um skólann og einstaka þætti í starfsemi hans.

1. Kennarafundir

Á árinu voru haldnir 17 kennarafundir og þar af einn uppgjörfundur sem gerð verður grein fyrir sérstaklega. Átta almennir kennarafundir voru á hvorri önn. Hér verður fyrst og fremst fjallað um þau atriði á kennarafundum sem tengjast sjálfsmati á einhvern hátt.

Á fyrsta fundi var auk annars rætt um verkefnadagatal nemenda, lagfæringar á kennslustofum og lesstofum. Þetta voru atrið sem farið var út í eftir niðurstöður sjálfsmats á haustönn 2006. Aðgangur að rafmagni var bættur, sett upp skilrúm og vinnuborð í lesstofu.

Á öðrum fundi var einnig rætt um verkefnadagatal og hvernig gekk að vinna það með nemendum en ekki komu upp vandamál við þá framkvæmd.

Á þriðja fundi var rætt um mætingar og verkefnaskil og kom fram að verkefnaskil hefðu batnað mikið með breyttu fyrirkomulagi og utanumhaldi. Skólakönnun frá haustönn 2006 var einnig rædd. Þar kom meðal annars fram almenn ánægja nemenda með flesta þætti en þó síst umsjónarkerfið og félagslíf nemenda. Rætt var um hvernig bæta mætti hvoru tveggja. Einnig var rætt um útkomu úr rýnihópum frá því um haustið 2006 þar sem kom fram að nemendur voru ekki mjög ánægðir með hópinnuna í skólanum. Málið rætt út frá breytingum á kennsluáðferðum og ákveðið að halda sig við það markmið skólans að auka hópinnu.

Á fjórða fundi var rætt um undirbúning miðannarviðtala og vinnunæði á lesstofu sem ekki var orðið ásætlanlegt.

Á fimmta fundi var rætt um bæði miðannarviðtöl og umsjónarviðtöl og hvernig best væri staðið að þeim og þar ákveðið að skrá niður helstu niðurstöður miðannarviðtala. Sagt var frá fyrirhugaðri úttekt ráðuneytis á sjálfsmati skólans. Einnig var rætt um hvernig opin vika hefði komið út og voru kennarar sammála um að hún hafi verið kraftmikil og þá einkum framan af. Það kom líka fram að eftirlit skólans með vinnu nemenda í opinni viku var ekki nógu gott og fóru nemendur í einhverjum tilfellum út fyrir velsæmismörk í vinnu sinni við fjölmiðlun.

Á sjötta kennarafundi var farið yfir framkvæmdaáætlun sjálfsmats. Henni var breytt og hún uppfærð. Breytingarnar voru þær að gert var ráð fyrir umbótamati á hverri önn og að breyta mati nemenda á opinni viku úr því að hafa nemendaþing í eitthvert annað form. Á fundinum var líka farið yfir framkvæmd mats á önninni bæði hvað varðar áfangamat og umbótamat.

Á sjöunda fundi voru niðurstöður umbótamats ræddar og ákveðið fyrirkomulag áfangamats og á áttunda fundi vorannar var bætt við lið í

uppgjörsskýrslur sem lítur að því að fjalla um miðannarviðtölin í þeim. Síðasti kennarafundur annarinnar var svo uppgjörfundur sem fjallað verður um sérstaklega.

Sjálfsmat var lítið rætt á kennarafundum haustannarinnar. Á nær öllum fundum var þó rætt um stöðu einstakra nemenda hvað varðar mætingar og ástundun. Á öðrum fundi annarinnar var rætt um busun sem þótti fara vel fram. Á fjórða fundi var góð niðurstaða úttektar ráðuneytis á sjálfsmati skólans kynnt. Á fimmta fundi var rætt um lotukerfi skólans og hugsanlegar breytingar á því. Í kjölfar þeirrar umræðu var ákveðið að gera könnun á meðal nemenda á lotukefinu. Niðurstaða þeirrar könnunar var svo rædd á næsta kennarafundi en þar fékk lotukefið ágæta dóma, nemenda samanber umfjöllun hér síðar í skýrslunni.

2. Miðannarviðtöl

Miðannarviðtöl voru tekin með sama hætti og undanfarin ár. Miðað er við að tekin séu viðtöl við alla nemendur í staðbundnu námi en fjarnemendur fá fæstir viðtöl. Á haustönn var fjallað um miðannarviðtölin í uppgjörsskýrslum þar sem meðal annars var tilgreint hlutfall þeirra nemenda í áfanganum sem rætt var við. Áfram verður unnið að því að gera miðannarviðtölin sýnileg í sjálfsmatsskýrslum og að meta árangur miðannarviðtala.

3. Uppgjörsskýrslur

Kennarar skiluðu uppgjörsskýrslum fyrir kennslu og önnur verkefni fyrir lok vorannar og haustannar. Skil á skýrslum voru með ágætum á vorönn en meðal annars vegna fjölda stundakennara á haustönn voru skil á skýrslum verri. Skólameistari ræddi við kennara um skýrslurnar og störf þeirra almennt í lok beggja anna.

4. Kennitölur

Kennitölurnar sýna breytingar á kennistærðum frá haustönn 2005 til haustannar 2007.

Tafla 1

Heiti tölu	H05	V06	H06	V07	H07
Nemendaígildi við upphaf annar	160	128	148	164	168
Nemendaígildi til prófs	125	109	123	133	144
Brottfall	21%	15%	17%	19	14
Meðaltal hlutfalls nemenda með yfir 90% mætingu	67%	56%	70%	67%	62%
Meðaltal vinnueinkunna	6,8	6,8	7,2	6,8	6,5
Meðaltal munnlegra prófseinkunna	6,5	6,8	7,4	6,9	7,3
Meðaltal prófseinkunna	6,6	6,4	6,8	6,5	6,1
Meðaltal lokaekunna	6,8	6,7	7,1	7,0	6,6


Nemendafjöldinn hefur farið vaxandi og 138 nemendaígildi skiluðu sér til prófs á árinu 2007 samanborðið við 116 árið 2006. Brottfallið hækkar heldur á milli ára eða úr 16% í 16,5%; einkum vegna bortfallsins á vorönninni. Það er einnig athyglisvert að við lækkun brottfalls á milli anna á árinu 2007 þá versnar mætingin og sama má segja um einkunnirnar. Nærtæk skýring á því er sú að þeim nemendum sem tekst að halda í skóla á haustönn umfram það sem tókst á vorönn hafi ekki mætt eins vel né sinntu náminu eins vel. Varasamt er þó að fullyrða eitthvað í þá veru út frá gögnum án þess að skoða málið betur. Til að taka saman niðurstöður úr kennitölum

fyrir árið 2007 má segja að nemendum hafi fjölgað, brottfall frá vorönn til haustannar hafi minnkað, mætingar versnað og einkunnir lækkað.

5. Áfangamat

Á haustönn var lagt fyrir áfangamat. Nemendur fengu lista með spurningum um kennsluáætlun, verkefnavinnu og kennslu í áfanganum. Auk þess var ein opin spurning um það sem var gott og það sem hefði mátt betur fara í áfanganum. Sjá nánar í viðauka 1. Könnunin var lögð fyrir af skólameistara sem einnig safnaði svörunum saman og vann úr þeim.

Mynd 1



Helstu niðurstöður áfangamatsins eru þær að nemendur eru almennt ánægðir með kennsluna, verkefnavinnuna og kennsluáætlunirnar. Á milli fimmtíu og sextíu prósent segja um þessa þætti mjög góða eða góða en tíu til fimmtán prósent segja þá slæma eða mjög slæma. Mest er ánægjan með kennsluna og mest óánægja með kennsluáætlunirnar. Ánægja með verkefnavinnuna er svipuð og með kennsluna en þó segja færri mjög gott í svörum við spurningu um verkefnavinnu en kennslu.

Hver kennari fékk í hendur niðurstöður í þeim áföngum sem hann kenndi og fjallaði um þær í viðkomandi uppgjörsskýrslu. Í samræðum skólameistara og kennara um skýrsluna var rætt um mat nemenda á kennslu, verkefnavinnu og kennsluáætlun svo og önnur atriði sem komu fram í opinni spurningu um áfangann.

Heildarniðurstaða áfangamatsins var svo rædd á kennarafundi.

6. Uppgjörfundur

Uppgjörfundur var haldinn þann 24. maí. Fyrir hádegi var farið yfir liðinn vetur og eftir hádegi var rætt um næsta skólaár. Þeir fjórir kennarar sem fyrirséð var að yrðu ekki á næsta starfsári höfðu fyrir fundinn verið beðnir um það sérstaklega að meta starfið og skólann. Rætt var um kosti og galla fámennra skóla svo sem að hver kennari væri einyrki í sinni kennslu en samvinnan við Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaksólann á Egilsstöðum bætti þó þar aðeins úr. Einnig var rætt um mikla vinnu kennara í tengslum við mætingar nemenda og þá einkum rýmið sem þær fengu á kennarafundum. Tölverð umræða var einnig um fjarkennsluna og hve illa margir fjarnemar sinna náminu. Vinnubrögð nemenda í tengslum við átak í þeim efnum var töluvert rætt og hvernig standa mætti betur að hópvinnu innan skólans.

Í umræðum eftir hádegi um næsta skólaár var aðallega rætt um tvö mál. Annars vegar þá ákvörðun að hætta notkun WebCT vefkennsluumhverfisins sem notað hefur verið í öllum áföngum skólans í nokkur ár og taka upp Moodle kerfið í staðinn. Hitt megin málið var samstarfsverkefnið við skóla í Jämsä í Finnlandi um þjóðgarða og frumkvöðlameinntun. Rætt var um hvort efla mætti enn frekar frumkvöðlanám við skólann með tengingum inn í fleiri áfanga og verkefnavinnu almennt. Samþykkt var að taka málið upp á haustönn.

7. Mat útskriftarnemenda

Starfsmaður Þekkingarnets Austurlands í Nýheimum settist niður með þremur útskriftarnemendum á stúdentsbrautum og ræddi við þá um skólann. Helstu kostirnir við skólann að mati útskriftarnemenda er sveigjanleiki og nálægð við kennara en á móti kemur að smæðin er einnig helsti gallinn sem kemur meðal annars fram í því að ekki er hægt að bjóða upp á alla áfanga á hverri önn. Fjarkennsla frá öðrum skólum í þeim áföngum sem ekki eru kenndir í skólanum þótti útskriftarnemendum ekki góð lausn. Þeim fannst að bæta mætti tungumálakennslu og að almennt væri of mikil endurtekning í fyrstu áföngunum flestra greina frá því sem var í grunnskóla. Nemendur voru ánægðir með aðbúnað og tölvutækni í skólanum en töluvert vantaði á að nægur vinnufriður væri á lesstofu. Í því sambandi var bent á að það vantaði tómsundaaðstöðu fyrir nemendur í skólanum og þess vegna séu nemendur að nota lesstofu sem tómsundaherbergi. Bæta má verkefnavinnuna og gera hana markvissari svo sem í byrjunaráfanga í landafræði væri of mikil áhersla á tölfræði. Verkefnin mega líka vera meira krefjandi sögðu nemendur. Einnig var nefnt að sumir kennarar nenntu ekki að kenna og sætu bara við sína tölvu á meðan aðrir töluðu allan tímann og hleyptu nemendum ekki að. Lotukerfið fékk góða dóma en nemendum þótti fínt að taka fyrir ákveðið námsefni og ljúka því síðan með prófi svo sem eins og í jarðfræði og stærðfræði. Stuðningur við nemendur með námserfiðleika mætti vera meiri að mati nemenda. Varðandi stjórnun skólans segja nemendur: „*Þeir eru alveg fínir og koma vel fram við nemendur*”


8. Umbótamat

a. Verkefnaskil

Á haustönn 2006 voru verkefnaskil í skólanum mæld og í kjölfar þeirra mælinga var gripið til aðgerða til að laga stöðuna. Á vorönn 2007 voru verkefnaskilin mæld með sama hætti og á haustönn 2006. Mælingin var af tvennum toga. Annars vegar voru verkefnaskilin könnuð í öllum áföngum þann 21. mars og á sama degi var


lögð fyrir nemendur könnun á verkefnaskilum í fyrsta til fjórða tíma sama dag. Sjá könnunareyðublað í viðauka 2

Mynd 2



Eins og sést á mynd 2 þá hafa skil á verkefnum versnað á milli anna. Ef tekið er meðaltal allra áfanga burt séð frá fjölda nemenda í hverjum áfanga þá hefur hlutfallið lækkað úr 75% í 70% en ef áfangar eru vegnir eftir nemendafjölda þá hefur hlutfallið lækkað úr 75% í 63%. Vegið skilahlutfall hefur lækkað um 16% sem verður að teljast umtalsvert. Líklegasta skýringin er sú að teknar voru upp strangari reglur um skil í þá veru að kennurum var bannað að taka við verkefnum eftir að þeir höfðu skilað verkefnum til baka til þeirra nemenda sem skiluðu á réttum tíma. Strangara aðhald var hugsað til að bæta verkefnaskil til lengri tíma en það hefur samkvæmt mynd 2 leitt til verri skila til skemmri tíma.

Mynd 3




Athyglisvert er að skoða mynd 3 í ljósi niðurstaðna sem koma fram á mynd 2. Þess ber fyrst að geta að á haustönn 2006 náðist ekki í nema rúmlega 30 nemendur en um 90 á vorönn 2007. Munurinn á milli anna á því hvort um einhver vanskil var að ræða eða ekki er þó það afgerandi að ætla má að hann sé marktækur. Ef munurinn er marktækur þá hefur það gerst að hlutfall þeirra nemenda sem skila öllum verkefnum hefur hækkað úr um 15% í um 50%. Ef myndir 2 og 3 eru teknar saman má segja að bilið á milli þeirra nemenda sem skila alltaf verkefnum og þeirra sem skila þeim ekki alltaf hafi aukist með þeim afleiðingum að heildarskilatíðnin hefur lækkað. Áhugavert væri að gera sambærilega mælingu aftur að einhverjum tíma liðnum til að skoða langtímaáhrifin. Þess ber þó að geta að í slíkum samanburði þarf að gera ráð fyrir einhverjum breytingum á vinnusemi sem ekki skýrist af aðgerðum kennara og skólans.

Ef skoðaðar eru skýringar sem nemendur gefa á vanskilum þá kemur í ljós að þær hafa lítið sem ekkert breyst á milli anna. Nemendur hafa ekki tíma eða verkefni eru of erfið líkt og á haustönn 2006. Sjá nánar á mynd 4.

Helstu niðurstöður varðandi verkefnaskil eru að þeim hrakaði frá vorönn til haustannar ef lítið er á skilahlutfallið en að þau hafi batnað ef lítið er á hlutfall þeirra nemenda sem skila öllum verkefnum sem skýrist þá hugsanlega af því að vanskilin hafi aukist verulega hjá þeim sem eru í einhverjum vanskilum. Spurningin er svo hverjar langtímaafleiðingarnar verða af strangari skilareglum.

Mynd 4




b. Námsaðstaða

Eins nefnt var hér að framan var nýting á námsaðstöðu skoðuð með sama hætti á vorönn 2007 eins og á haustönn 2006. Mælt var með tvennum hætti. Annars vegar með því að telja nemendur í námsaðstöðunni á fyrirfram ákveðnum tíma og hins vegar með því að leggja fyrir nemendur könnun í hverjum áfanga þar sem spurt var um tiltekið verkefni í þeim áfanga og hvort lítill eða mikill hluti verkefnisins hafi verið unnin í námsaðstöðunni.

Mynd 5

Notkun á námsaðstöðu




Meðaltalsnotkunin á námsaðstöðu skólans mæld í fjölda nemenda hefur aukist á milli anna samkvæmt talningu. Hlutfall þeirra sem eru að læra hefur þó lítið breyst nema að seinni önnina eru nokkrir á handbókasafninu sem ekki eru að læra þegar þeir eru þar.

Samkvæmt þeirri könnun sem lögð var fyrir í hverjum áfanga var svipað hlutfall nemenda á báðum önnum að nota aðstöðuna eða um helmingur. Þeim nemendum sem notuðu aðstöðuna til að vinna allt verkefnið eða stóran hluta þess hefur þó fjölgað á milli anna. Þannig að nýtingin er því meiri eins og reyndar kemur fram í talningunni einnig.

Mynd 6

Hve mikinn hluta verkefnisins vannst þú í vinnuaðstöðunni?




Flokkunin í G, V, og Ó er út frá þeirri einkunn sem viðkomandi nemandi fékk á miðannarmati. G stendur fyrir árangur upp á einkunn frá 8-10. V stendur fyrir einkunn frá 5-7 og Ó fyrir einkunn 4 eða lægri

Það er einnig athyglisvert að skoða hvað nemendur það eru sem nýta aðstöðuna meira en áður. Á mynd 6 sést að það eru einkum nemendur sem fá G og V í miðannarmati sem eru að auka notkunina en þeir sem fá O eru hins vegar að draga úr henni.

c. Lotukerfið


Á haustönn 2007 var töluverð umræða um lotukerfið í skólanum og hugsanlegar breytingar á því. Nú er kerfið þannig að í áföngum sem kennurum þykir henta er námsefninu skipt upp í lotur, oftast þrjár. Í lok hvers lotu er tekið lokapróf í því námsefni sem tekið var fyrir í henni. Ræddur var sá möguleiki að breyta fyrirkomulaginu þannig að stað þess að nemendur tækju þrjá áfanga samhliða alla önnina þá yrði tekinn einn í einu og þá í um fimm vikur hver. Ákveðið var á kennarafundi að fá fram skoðanir þeirra nemenda sem voru í áföngum með lotufyrirkomulagi, varðandi lotukerfið og hugsanlegar breytingar á því.

Mynd 7



Af mynd 7 sést að almenn ánægja er með lotukerfið meðal þeirra nemenda sem eru í áföngum með slíku fyrirkomulagi. Um þrír fjórðu svara eru jákvæð og fjórðurgur segir fyrirkomulagið í meðallagi. Í einungis einu tilfelli er merkt við svarmöguleikan *illa*.

Mynd 8



Nemendur gátu merkt við frá einum upp í fimm eftir því hve afgerandi stuðningur þeirra var við þann möguleika sem þeir völdu þar sem fimm er mestur stuðningur. Talan fyrir hverja súlu er fundin þannig að margfaldað er saman stig og fjöldi svara við hvert stig og síðan eru allar þær margfeldistölur lagðar saman.

Samkvæmt mynd 8 er afgerandi stuðningur við lotufyrirkomulag ferkar en lokapróf. Um 90% stuðningur var við lotupróf og langflestir voru afgerandi í þeim stuðningi. Þeir sem vildu frekar lokapróf voru ekki eins afgerandi í sínum stuðningi.

Stuðningur við breytingar á lotukerfinu er einnig mikill. Um þrír fjórðu svarenda eru hlýntir breytingunum og stuðningur þeirra sem velja þann möguleika er meira afgerandi en hinna sem vilja hafa áfangana alla önnina.

Lokaorð

Hér fyrir framan hefur verið gerð grein fyrir sjálfsmati Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu árið 2007. Lýst hefur verið einstaka þáttum og hvernig staðið hefur verið að mælingum. Einnig hefur verið gerð grein fyrir því hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum mælinga og athugana.

Kennarafundur einkum á vorönn nýttust vel til að móta, halda utan um og bregðast við sjálfsmatinu. Með miðannarviðtölunum fer fram mjög náið mat kennara og nemenda á náminu sem nær þó ekki nema að hluti inn í matskýrslu og svipað má segja varðandi uppgjörsskýrslurnar hvað varðar mat kennara á einstaka áföngum.

Í kennitölum kemur fram að nemendum hefur fjölgað, mætingar hafa hins vegar verið á niðurleið frá haustönn 2006 og einkunnir hafa heldur lækkað. Niðurstöður úr áfangamatinu eru þær helstar að nemendur eru ánægðir með kennsluna, verkefnavinnuna og kennsluáætlanirnar og þá helst með kennsluna. Á uppgjörfundum kennara var helst rætt um kosti og galla fámenns skóla eins og FAS. Einnig var á fundinum rætt um fjarkennslu, vinnubrögð nemenda, hópvinnu og frumkvöðlamenntun. Útskriftarnemendur ræddu einnig um kosti og galla lítills skóla eins og FAS og komu með gagnlegar athugasemdir varðandi nám og kennslu.

Umbótamatið á árinu 2007 var þrískipt. Í fyrsta lagi voru verkefnaskil skoðuð og þar var niðurstaðan helst sú að heildarhlutfall skila hefur lækkað en fleiri nemendur en áður skila öllum verkefnum. Í öðru lagi var námsaðstaðan skoðuð og í ljós kom að nýting á henni hefur aukist. Í þriðja lagi var lotukerfið skoðað og fram kom mikil ánægja með það og tekið var vel í að þróa það enn frekar.

Segja má að heildarniðurstaða sjálfsmatsins á árinu 2007 sé sú að sumt gengur vel en annað ekki eins vel. Forsenda þess að gera betur er þó að gera sér grein fyrir því sem miður fer og bregðast við því í kjölfarið. Þannig er hægt að halda í það sem vel gengur og bæta það sem miður fer.

Afgreiðsla kennarafundar og skólanefndar

Sjálfsmatskýrsla er tekin fyrir, rædd og afgreidd á kennarafundi og í skólanefnd. Farið er yfir einstaka liði og matið rætt í heildina. Umfjöllun kennarafundar og skólanefndar er lokaskrefið í gerð sjálfsmatskýrslu áður en hún er birt opinberlega á vef skólans.

Skýrslan var rædd á kennarafundi þann 28.3 og þar var eftirfarandi bókað: „Eyjólfur fór í gegnum skýrslu um sjálfsmat FAS. Skýrslan rædd á fundinum”.

Skýrsla var rædd á fundi skólanefndarinnar þann 2. 9. 2008 og þar var eftirfarandi bókað: „Sjálfsmat skólans. Eyjólfur fór yfir skýrsluna og útskýrði helstu þætti hennar. Þar eru kennarafundir mikilvægir og eins viðtöl kennara við nemendur. Í lok annar þurfa kennarar að skila inn uppgjörsskýrslu fyrir hvern áfanga sem hann kenndi. Nokkur fleiri atriði koma inn í sjálfsmatið. Allt miðar að því að hafa yfirsýn yfir skólastarfið og bæta þar sem þörf er á.”

„Vegna sjálfsmatskýrslu bókar skólanefnd sérstaklega: Skólanefnd lýsir ánægju með sjálfsmatskýrsluna sem greinilega miðar að bættu skólastarfi. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut.”

Viðauki 1

Áfangamat nemenda á vorönn 2007

Nafn áfanga: _____

1. Hvernig nýttist kennsluáætlun í áfanganum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Lítið
- Ekkert
- Vil ekki svara

2. Hvað fannst þér um verkefnavinnuna í áfanganum?

- Hún skilaði mjög miklu
- Hún skilaði miklu
- Hún var viðunandi
- Hún skilaði litlu
- Hún skilaði mjög litlu
- Það voru engin verkefni í áfanganum
- Vil ekki svara

3. Hvernig líkaði þér kennslan í áfanganum?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Lítið
- Ekkert
- Vil ekki svara

4. Skrifðu nokkur orð um það sem þér fannst gott og það sem hefði mátt vera betra í áfanganum.

Viðauki 2

Verkefnaskil

1. Er á þessari önn eitthvert verkefni í einhverjum áfanga í vanskilum hjá þér?

- a. Já ()
- b. Nei ()

2. Ef já. Hver er ástæðan fyrir vanskilunum þegar það gerðist síðast?

Merktu við eitt eða tvö svör og settu 1 fyrir framan svar sem skiptir mestu máli og 2 fyrir framan það sem kemur í öðru sæti.

- a. () Mér fannst verkefnið erfitt
- b. () Mér fannst verkefnið of umfangsmikið miðað við vægi þess
- c. () Mér fannst leiðbeiningarnar með verkefninu óskýrar
- d. () Mér fannst óþægilegt að takast á við verkefnið
- e. () Mér fannst verkefnið óspennandi
- f. () Mér fannst verkefnið gagnslítið
- g. () Ég gaf mér ekki tíma til að vinna verkefnið
- h. () Annað, hvað?

Takk fyrir þátttökuna

Viðauki 3

Áfangi _____

Nafn: _____

1. Nýttir þú þér vinnuaðstöðuna í skólanum til að vinna við **heiti verkefnis**?
 - a. Já ()
 - b. Nei ()
 - c. Vann ekki við verkefnið ()

2. Ef já við 1. Hve mikinn hluta verkefnisins vannst þú í vinnuaðstöðunni?
 - a. Allan eða nær allan ()
 - b. Verulegan hluta ()
 - c. Lítinn hluta ()

Viðauki 4

Lotukerfið Könnun



1. Hvernig líkar þér við lotukerfið í áfanganum?

Mjög vel

Vel

Í meðallagi

Illa

Mjög illa

Vil ekki svara

2. Hvort líkar þér betur að taka eitt lokapróf eða lotupróf? **Því hærri tölu sem þú merkir við því meira afgerandi er afstaða þín.**

Lokapróf

Lotupróf

5 4 3 2 1 1 2 3 4 5

3. Hvort hugnast þér að betur að taka þrjá áfanga þannig að taka fyrst einn í fimm vikur og svo þann næsta í fimm vikur og loks þann þriðja í fimm vikur eða taka þá alla saman og ljúka þeim á samátíma? **Því hærri tölu sem þú merkir við því meira afgerandi er afstaða þín.**

Áfangar í 5 vikur

Áfangar alla önnina

5 4 3 2 1 1 2 3 4 5